

Farsæld barna –diplómanám

HAUST

Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi 1. janúar 2022.

Náminu er ætlað að styðja við innleiðingu hinnar nýju löggjafar með því að veita þekkingu á barnamiðaðri nálgun, samþættingu þjónustu, hlutverki tengiliða og málstjóra og mælingum á árangri. Þá verður lögð áhersla á færni í teymisvinnu og þverfaglegri samvinnu auk áherslu á mikilvægi fyrsta stigs þjónustu við börn. Námið er ætlað öllum þeim sem hafa lokið BA/BED/BS prófi og starfa með börnum í heilbrigðis-, skóla- og velferðarþjónustu eða á öðrum vettvangi.

Skipulag námsins

Námið samanstendur af þremur 10 ECTS námskeiðum:

Börn og farsæld: Réttindi barna og þátttaka þeirra (10ECTS), kennt 31.ágúst – 26.okt.

Í námskeiðinu er áhersla á að veita grundvallarþekkingu á bernskufræðum og í því samhengi rætt um barnamiðaða nálgun, með sérstakri áherslu á börn í viðkvæmri stöðu. Fjallað verður um hagsmuni barna, verndandi þætti og hættur sem ógna farsæld barna. Áhersla er lögð á að fjalla um hvernig fyrsta stigs þjónusta við börn skapar tækifæri til að grípa fyrr inn í aðstæður og koma í veg fyrir aðstæður sem ógna farsæld barna. Rædd verða hagnýt dæmi þar sem nemendur fá innsýn í að beita gagnreyndu vinnulagi við ákvarðanatöku.

Samþætt þjónusta við börn: Löggjöf um farsæld (10ECTS), kennt 27.okt. – 15.feb.

Námskeiðið veitir grundvallarþekkingu á löggjöf sem varðar þjónustu við börn með sérstakri áherslu á lög um samþætta þjónustu við börn í þágu farsældar barna, Barnasáttmála SP og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði barnaréttar. Þá verður fjallað um hvernig löggjöfin leggur áherslu á fyrsta stigs þjónustu við börn. Í fyrri hluta

Námið er eins árs 30 eininga fjarnám, 15 einingar á hvoru misseri. Um er að ræða nám með starfi, fyrirlestrar og umræðutímar verða eingöngu í fjarnámi í rauntíma einu sinni í viku, en mætingarskylda er í tvær tveggja daga staðlotur á hvoru misseri. Námið hefst með tveggja daga staðlotu, 31.ágúst og 1.september n.k.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2023.

námskeiðsins er einblínt á að nemendur öðlist þekkingu og skilning á löggjöfinni en í seinni hluta námskeiðs er lögð áhersla á beitingu þekkingar og vinnu með raunhæf dæmi af vettvangi (tilvik). Einnig verður fjallað um tengsl farsældar barna við Heimsmarkmið SP, félagslegar fjárfestingar og hvernig meta megi hvort markmiðum löggjafar er náð, m.a. með áherslu á aðferðir kostnaðar- og nytjagreininga.

Tengiliðir og þverfaglegt samstarf: Nýtt vinnulag í þágu barna (10ECTS), kennt 16.feb.-19.apríl

Í námskeiðinu er lögð áhersla á grundvallarþekkingu og hagnýtar aðferðir samvinnu og þverfaglegrar teymisvinnu innan og utan stofnana. Fjallað verður um hvað felst í samþættingu þjónustu og hlutverki tengiliða og kynntar verða gagnreyndar aðferðir í vinnu með börnum og fjölskyldum. Nemendur fá tækifæri til að rýna og greina styrkleika sína og hindranir á þessu sviði. Auk þess er lögð áhersla á að nemendur læri að tileinka sér og nýta endurgjöf til faglegs þroska í samvinnu og teymisvinnu.

Umsjónarkennarar:

Ragnheiður Hergeirsdóttir lektor (ragher@hi.is) og Herdís Steingrímsdóttir lektor (herdisst@hi.is) veita nánari upplýsingar.

Í námsnefnd sitja einnig fulltrúar Barna- og fjölskyldustofu.

Námsleiðin er grundvölluð á samstarfssamningi Mennta- og barnamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um stuðning HI við innleiðingu á hinni nýju löggjöf.



Nánari upplýsingar er
að finna í kennsluskrá
Háskóla Íslands

Nánar á hi.is/felagsradgjafardeild
Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
+354 525 4000, hi@hi.is, www.hi.is